

Leiðbeiningar um ferðastyrki frá Sænsk-íslenska samvinnusjóðnum

Sænsk-íslenski samvinnusjóðurinn var stofnaður árið 1995 með gjöf frá sænsku ríkisstjórninni í tilefni af 50 ára afmæli Lýðveldisins Íslands árið 1994. Markmið sjóðsins er að efla sænsk-íslenskt samstarf, gagnkvæm menningarsamskipti og miðlun upplýsinga um sænsk og íslensk menningar- og samfélagsmálefni. Sjóðurinn veitir árlega ferðastyrki til tvíhliða samstarfs milli landanna, fyrst og fremst á sviðum menningar, menntunar og rannsókna.

Ferðastyrkurinn nemur 10.000 sænskum krónum (SEK) á hvern einstakling.

Hverjir geta sótt um?

Einstaklingar búsettir í Svíþjóð eða á Íslandi geta sótt um ferðastyrk frá Sænsk-íslenska samvinnusjóðnum. Hópar geta einnig sótt um og geta fengið veittan takmarkaðan fjölda einstaklingsstyrkja til úthlutunar innan hópsins. Umsóknareyðublaðið er aðgengilegt bæði á sænsku og íslensku.

Til hvers er hægt að sækja um?

- Hægt er að sækja um ferðastyrk vegna ferða sem hafa það markmið að efla sænsk-íslenskt samstarf á sviðum menningar, menntunar og rannsókna.
- Stjórn sjóðsins forgangsraðar sérstaklega ferðastyrkjum sem stuðla að menningu og samskiptum milli almennings.
- Tilgangur ferðarinnar skal vera tvíhliða, það er að efla skilning og þátttöku fólks í báðum löndum.
- Umsækjandi skal leggja fram bráðabirgðaáætlun um ferðina, fjárhagsáætlun og tengiliði í hinu landinu.

Til hvers er ekki hægt að sækja um?

- Ekki er hægt að sækja um ferðastyrk frá Sænsk-íslenska samvinnusjóðnum vegna skemmtiferða og/eða ferðamennsku.
- Að jafnaði eru ekki veittir styrkir til þátttöku í norrænum eða alþjóðlegum ráðstefnum eða sambærilegum viðburðum sem ná til fleiri landa.

Hvenær og hvernig er hægt að sækja um?

Sænsk-íslenski samvinnusjóðurinn auglýsir eina umsóknarlotu á ári, í upphafi hvers árs. Umsóknir eru sendar rafrænt í gegnum heimasíðu sjóðsins. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðunni þegar umsóknartímabilið er opið; www.svenskislandskafonden.se

Hvenær berast svör?

Stjórn sjóðsins kemur saman í apríl og ákvarðanir eru síðan sendar umsækjendum með tölvupósti í apríl/maí.

Hvenær skal styrkurinn nýttur?

Styrkurinn skal nýta á árinu 2026 og eigi síðar en til 30. apríl árið þar á eftir.

Frestun og önnur ákvæði

- Ef styrkurinn er ekki nýttur innan tilskilins tíma fellur hann sjálfkrafa aftur til sjóðsins.
- Umsókn um framlengdan nýtingartíma (frestun) skal senda til sjóðsins og er hún aðeins samþykkt í undantekningartilvikum.
- Styrkurinn skal nýta í þeim tilgangi sem hann var veittur til. Verði breytingar skal hafa samband við sjóðinn.
- Nafn og merki sjóðsins skulu koma fram í tengslum við þær aðgerðir eða viðburði sem styrkurinn var veittur til.
- Upplýsingar um umsóknir, veitta styrki, upphæðir og lokaskýrslur eru opinberar og kunna að vera birtar á heimasíðu sjóðsins eða sambærilegum miðlum.
- Veittur styrkur skal gerður upp við sjóðinn eigi síðar en þremur mánuðum eftir að hann hefur verið nýttur (í síðasta lagi 31. júlí árið eftir umsóknarárið). Skilagreinargerð má gjarnan fylgja fylgigögn.
- Allar umsóknir eru afgreiddar af stjórn sjóðsins og ekki er hægt að áfrýja ákvörðunum hennar.

Forgangsröðun stjórnar

Berist fjöldi hæfra umsókna þarf stjórn sjóðsins að forgangsraða milli þeirra. Stjórnin leggur fyrst og fremst áherslu á góða landfræðilega dreifingu og að bæði Svíþjóð og Ísland eigi fulltrúa meðal styrkþega. Þar á eftir eru forgangsraðaðar umsóknir sem skapa langtímasamstarf milli landanna, sem og umsóknir þar sem litlir eða engir möguleikar eru á fjármögnun frá öðrum styrkveitendum.